Fundur fjallskilanefndar haldinn að Herjólfsstöðum þann 25. ágúst 2024.

Mætt eru Pálína Pálsdóttir, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Formaður segir fund settann og býður fundargesti velkomna.

Fjallskilaseðill ritaður miðað við 90 dagsverk. Landverð 40% og fjártala 60% sem fyrr.

Fjallskilaseðill skoðaður og samþykktur.

Þormar Ellert Jóhannsson kjörinn fjallkóngur áfram.

Daggjald á afrétti haustið 2024 20.002 kr.

Áætluð dagsetning í fyrsta safn 12. september á fimmtudegi.

Smíða þarf grindur í gerði fyrir haustið. Efni var til frá síðasta ári en ófrágengið.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

# Fjallskilaseðill 2024

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar í Skaftárhreppi hefur ákveðið fjallskil haustið 2024 samkvæmt meðfylgjandi skrá.
Áætlaður dagsverkafjöldi við fjallskil í fyrsta, öðru og þriðja safni getur tekið breytingum við uppgjör fjallskila þegar fjallsöfnum er lokið. Miðað er við 90 dagsverk, 40% á landverð og 60% á vetrarfóðraðar kindur.

| | Landverð | Landverð dagsverk | Fjártala | Sauðfé dagsverk | Dagsv. alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Jórvík I | 919000 | 1,95 | 210 | 5,18 | 7,0 |
| Jórvík II | 908000 | 1,93 | 0 | 0 | 2,0 |
| Mýrar | 2000000 | 4,25 | 311 | 7,67 | 12,0 |
| Mýrar II | | | 131 | 3,23 | 3,0 |
| Hraungerði | 1240000 | 2,63 | 186 | 4,59 | 7,0 |
| Þykkvabæjarkl. | 2217500 | 4,71 | 249 | 6,14 | 11,0 |
| Norðurhjáleiga | 3055500 | 6,49 | 350 | 8,63 | 15,0 |
| Hraunbær | 774000 | 1,64 | 0 | 0 | 1,5 |
| Bólhraun | 304000 | 0,65 | 0 | 0 | 1,0 |
| Efri-Hraunbær | 770000 | 1,64 | 0 | 0 | 1,5 |
| Herjólfsstaðir I | 1240000 | 2,63 | 251 | 6,19 | 9,0 |
| Herjólfsstaðir II | 1240000 | 2,63 | 229 | 5,65 | 8,5 |
| Holt | 1070000 | 2,27 | 273 | 6,73 | 9,0 |
| Skálmarbær | 1210000 | 2,57 | 0 | 0 | 2,5 |

Í fyrsta safn verður farið fimmtudaginn 12. sept. og eiga smalar að vera mættir að Skálmarbrú kl. 7:00 árdegis. Svo sem venja hefur verið er gert ráð fyrir einum smala frá hverjum bæ í fyrsta safn. Fjallskilaskyldur aðili sem ekki getur lagt til smala í fyrsta safn skal tilkynna það fjallkóngi eigi síðar en viku fyrir boðaðan safndag. Sé það ekki gert verður innheimt 50% álag á daggjöld. Fjallkóngur verður Þormar Ellert Jóhannsson, símanúmer: 846-2967, netfang: johannsson87@gmail.com.

Daggjöld á öllum afréttum Skaftárhrepps haustið 2024 verða kr.20.002-.
Sem fyrr verða allir reikningar sem framvísað er á skrifstofu Skaftárhrepps að vera samþykktir af fjallskilanefnd.

Vekjum athygli á fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu nr. 774/2020, en þar segir m.a. :

"19.grein, Hver bóndi er skyldur að smala land sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar."

"24.grein, Hver eigandi eða umráðamaður lands er skyldur til að smala heimaland sitt eigi síðar en 20. október ár hvert og það eins þótt landeigandi eða umráðamaður eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Vanræki einhver að smala heimaland sitt, getur sveitarstjórn látið smala það á hans kostnað, og greiðir hann að auki sekt samkv. ákvæðum 21,gr. samþykktar þessarar."

Fjallskilanefnd Álftaversafréttar 25/8 2024

Örvar Egill Kolbeinsson
Örvar Egill Kolbeinsson

Þormar Ellert Jóhannsson
Þormar Ellert Jóhannsson

Pálína Pálsdóttir
Pálína Pálsdóttir